

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

186. fundur haldinn fimmtudaginn 1. september 2022

Pátttakendur voru:

Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins.

Gestur fundarins: Ingvar Stefánsson forstjóri KGRP sem sat fundinn undir lið 2.

1. Fundur settur.

Fundur settur kl. 14:00

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Staðan varðandi nýja bálstofu á Íslandi.

Ingvar Stefánsson gerði stutta grein fyrir fundi sem hann átti með ráðuneytisstjóra Dómsmálaráðuneytisins varðandi stöðu bálstofunnar í Fossvogi.

3. Eyvindarhólakirkjugarður – framkvæmdir við steypa umgjörð.

Framkvæmdastjóri kynnti gögn varðandi grafreit í Eyvindarhólakirkjugarði þar sem steypa umgjörð með nafnaplötum í gaffli hafði verið fjarlægð og plötum komið fyrir í grafreitnum. Óskað hafði verið eftir að framkvæmdastjóri hefði bein afskipti af málinu og vildi hann fá álit ráðsins á því. Taldi ráðið það ekki vera lögbundið hlutverk kirkjugarðaráðs að vera úrskurðaraðili í deilum milli aðstandenda grafreita varðandi málefni eins og hér um ræðir. Af þeim sökum er þessu máli vísað frá kirkjugarðaráði.

4. Staðan varðandi DNA sýnatöku úr ómerktri gröf í Kálfafellskirkjugarði.

Formaður ráðsins gerði grein fyrir vinnu sinni við að komast til botns í því hvert ætti að sækja um leyfi fyrir slíkri sýnatöku. Hefur hún ekki fengið svar við því en mun halda áfram að vinna í málinu.

5. Næsti fundur og ákvörðun um fundartíma í vetur.

Ákveðið var að funda annan fimmtudag hvers mánaðar kl 13:00 eins og verið hefur nema í janúar. Fundardagarnir í vetur verða því, 13. október, 10. nóvember, 9. febrúar, 9. mars, 13. apríl, 11. maí og 8. júní.

6. Önnur mál.

Ekkert undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15:10.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
ritari